



FLÓAHREPPUR

Starfsskýrsla



**Krakkaborg**

Leikskólinn Krakkaborg

2023-2024

Hugur – Hjarta – Hönd

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	3
<b>1. Almennar upplýsingar skólaárið 2023-2024</b> .....	4
1.1 Gerð leikskóla, húsnæði og lóð .....	4
<b>2. Starfsgrundvöllur</b> .....	4
2.1 uppeldislegar áherslur og markmið .....	4
2.2. Meginmarkmið uppeldis og kennslu í leikskóla skulu vera: .....	4
2.3. Hlutverk Krakkaborgar: .....	5
2.4. Einkunnarorð Krakkaborgar: .....	5
2.5. Markmið Krakkaborgar eru: .....	5
2.6. Skólanámskrá Krakkaborgar .....	5
2.7. Skipulag .....	5
<b>3. Skólastarfið 2023-2024</b> .....	5
<b>4. Mat á skólastarfi og umbótaáætlun skólaársins 2023-2024</b> .....	6
4.1. Innra mat leikskólans .....	7
4.1.1. Starfsmannasamtöl .....	7
4.1.2. Starfsmannafundir .....	7
4.1.3 Foreldrasamtöl .....	7
4.1.5. Kennslu og uppeldispættir .....	7
4.1.6 Námsið og daglegt starf .....	7
4.1.7. HLjóm-2 .....	8
<b>5. Nemendur, foreldrar og annað samstarf</b> .....	8
5.1 nemenda hópurinn .....	8
5.1.1. Fjöldi nemanda sem nutu sérstaks stuðnings .....	9
5.2. Foreldrasamvinna .....	9
5.2.1. Foreldraráð .....	9
5.2.2. Foreldrafélag .....	9
5.3. Fréttabréf .....	9
5.4. Samstarf, fræðsla og ráðgjöf .....	10
5.4.1 Samstarf við skóla- og velferðarþjónustu Árneshöfna .....	10
5.4.2. Samstarf leik- og grunnskóla .....	10
<b>6. Starfsmannamál</b> .....	10
6.1. Stjórnarskipan Krakkaborgar 2022-2023 .....	10
6.2 Fundur .....	10



## Starfsskýrsla Krakkaborgar 2023-2024

6.3. Símenntun starfsmanna.....	11
6.3.1. skilgreining á símenntunarþörf .....	11
6.3.2. mat á árangri .....	11
6.3.5 Yfirlit símenntunar skólaársins 2023 – 2024 .....	12
<b>7. Starfsáætlun skólaársins 2024-2025 .....</b>	<b>12</b>
7.1 símenntunaráætlun 2024-2025 .....	14
7.2 Verkefna- og viðburðaáætlun .....	15
<b>Lokaorð .....</b>	<b>17</b>



Krakkaborg

Starfsskýrsla Krakkaborgar 2023-2024

## Inngangur

Í samræmi við 5.grein um leikskóla frá árinu 2008 kemur fram að leikskólastjóri beri að gefa árlega út starfsáætlun leikskóla sem byggir á skólanámskrá leikskólans. Þar sem gerð er grein fyrir starfsemi leikskólans, skóladagatali og öðru er viðkemur starfseminni. Einnig kemur fram að foreldraráð skuli fá hana afhenta til umsagnar áður en hún er staðfest af fræðslunefnd sveitarfélagsins. Að því búnu skal starfsáætlun kynnt foreldrum nemenda leikskólans.

Byrjað er á því að gera skil á síðastliðnu skólaári 2023-2024, en í seinni hluta skýrslunnar er starfáætlun Krakkaborgar fyrir skólaárið 2024-2025. Starfsáætlunin er hugsuð sem skýr leiðarvísir á því starfi sem fer fram í leikskólanum. Starfsáætlunin er samin í samráði og samvinnu við kennara leikskólans. Hún hefur að geyma hlutverk Krakkaborgar þar sem einkunnarorð koma fram en þau eru: Hugur-Hjarta-Hönd. Einnig má sjá viðfangsefni skólaársins, umbótaáætlanir og símenntunaráætlun leikskólans.

Breytingar eru órjúfanlegur þáttur leikskólastarfsins. Reglulega þarf að fara yfir stöðu mála, skoða alla þætti skólastarfsins með gagnrýnum augum, meta og setja sér ný markmið til að stefna að. Að vori er skólastarfið metið og umbótaáætlun gerð í kjölfarið. Niðurstöðurnar munu jafnframt birtast í þessari skýrslu til að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta skólaári.

Starfsskýrsla leikskólans tekur gildi 1. október hvert ár og skal skilað til skólaþjónustu og lögð fyrir fræðslunefnd til staðfestingar. Starfsáætlun er leiðarvísir starfsins og því er mikilvægt að skil séu á réttum tíma svo nýta megi hana í starfi leikskólans yfir veturinn.

Þingborg, ágúst 2024

Sara Guðjónsdóttir  
skólastjóri Krakkaborgar

Einkunnarorð Krakkaborgar

Hugur- Hjarta -Hönd



## 1. Almennar upplýsingar skólaárið 2023-2024

### 1.1 Gerð leikskóla, húsnæði og lóð

Leikskólinn Krakkaborg hóf starfsemi sína fyrst í Villingaholtsskóla árið 1982 og stóðu foreldrar að rekstri leikskólans þá. Árið 1996 flutti leikskólinn í félagsheimilið í Þingborg. Hraungerðis- og Villingaholtshreppur voru rekstraraðilar frá 1996 fram til ársins 2004, en þá kom Gaulverjabæjarhreppur inn í reksturinn. Í ágúst 2004 flutti leikskólinn í grunnskólahúsnæðið í Þingborg. Leikskólinn Krakkaborg er þriggja deilda leikskóli fyrir börn á aldrinum 12 mánaðar til 6 ára. Rekstraraðili er Flóahreppur.

Leikskólinn getur rúmað 38 – 52 börn á sama tíma, allt eftir aldursamsetningu barnahópsins. Samkvæmt ákvörðun fræðslunefndar Flóahrepps er lágmarks vistunartími 4 klst. á dag fjóra daga vikunar eða frá mánudegi til fimmtudags eða þriðjudegi til föstudagsr. Opnunartími leikskólans er frá kl. 07:45 – 16:15 fimm daga vikunnar. Ef foreldrar, vegna óviðráðanlegra aðstæðna, geta ekki sótt barn/börn sín á umsömdum tíma, eiga þeir að hringja og láta vita svo ekki bætist aukagjald samkvæmt gjaldskrá ofan á vistunargjaldið. Þetta á þó ekki við ef barn/börn eru með vistun til 16:15.

## 2. Starfsgrundvöllur

### 2.1 uppeldislegar áherslur og markmið

Í 2. gr. laga um leikskóla segir: *Í leikskólum skal velferð og hagur barna hafður að leiðarljósi í öllu starfi. Veita skal börnum umönnun og menntun, búa þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði. Stuðla skal að því að nám fari fram í leik og skapandi starfi þar sem börn njóta fjölbreyttra uppeldiskosta. Starfshættir leikskóla skulu mótast af umburðarlyndi og kærleika, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi, virðingu fyrir manngildi og kristinni arfleifð íslenskrar menningar.*

### 2.2. Meginmarkmið uppeldis og kennslu í leikskóla skulu vera:

- Að fylgjast með og efla alhliða þroska barna í náinni samvinnu við foreldra.
- Að veita skipulega málörvun og stuðla að eðlilegri færni í íslensku.
- Að hlúa að börnum andlega, vitsmunalega og líkamlega í samræmi við þarfir hvers og eins svo að börnin fái notið bernsku sinnar.
- Að stuðla að víðsýni barna og efla siðferðisvitund þeirra.
- Að leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífellndri þróun.
- Að rækta hæfileika barna til tjáningar og sköpunar í þeim tilgangi m.a. að styrkja sjálfsmynd þeirra, heilbrigðisvitund, öryggi og hæfni til mannlegra samskipta.

Unnið er samkvæmt *Aðalnámskrá leikskóla* útgefna af menntamálaráðuneytinu 2011 og lögum um leikskóla 90/2008. Grunnþættirnir Aðalnámskrár eru þessir:

- Læsi
- Sjálfbærni
- Heilbrigði og velferð
- Lýðræði og mannréttindi
- Jafnrétti
- Sköpun



Krakkaborg

## Starfsskýrsla Krakkaborgar 2023-2024

Samkvæmt Aðalnámskrá eiga þessir grunnþættir að endurspeglast í starfsháttum, samskiptum og skólabrag skóla. Þeir tengjast innbyrðis í öllu skólastarfi og menntun og eru samofnir hver öðrum.

### 2.3. Hlutverk Krakkaborgar:

Er að skapa nemendum örvandi og uppbyggilegt námsumhverfi þar sem áhugi og virkni er drifkraftur í þekkingarleit þeirra.

### 2.4. Einkunnarorð Krakkaborgar:

Hugur – Hjarta – Hönd

### 2.5. Markmið Krakkaborgar eru:

- Að barnið læri að bera virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfinu.
- Að barnið læri í gegnum eigin upplifanir.
- Að barnið fái tækifæri til að öðlast reynslu í gegnum leik.
- Að þroska eigin áhugahvöt.
- **Að börnin læri að skynja og njóta náttúrulegs umhverfis og virða náttúruna með nýtni, nægjusemi og hófsemi svo og með umhirðu og endurvinnslu.**

Þær leiðir sem farnar eru í Krakkaborg til að uppfylla þau markmið sem sett eru byggja á hugmyndafræði eftirfarandi kennimanna:

- John Dewey, barnið lærir best með því að framkvæma sjálft.
- Mihaly Csikszentmihalyi, hugmyndafræði hans um flæði er ein af greinum þeirra fræða sem nefnist jákvæð sálfræði.
- Gleði, sköpun og ferli með hámarks tengslum við lífið.

Í skólanámskrá Krakkaborg segir meðal annars: Við vinnum að miklu leyti eftir kenningum John Dewey. Hann taldi að þroski barns stjórnist af tvennu; umhverfinu og meðfæddri þörf barns til þroska. Hann lagði áherslu á að við kynnumst okkar nánasta umhverfi og nýtum okkur það í daglegu starfi. Hann vildi að börnin fengju tækifæri til að læra með því að framkvæma sjálf. Barnið gerir það meðal annars í hlutverkaleik og leggjum við í Krakkaborg ríka áherslu á hann.

### 2.6. Skólanámskrá Krakkaborgar

Skólanámskrá Krakkaborgar er að finna á heimasíðu leikskólans <http://krakkaborg.leikskolinn.is> Skólanámskráin var endurbætt veturinn 2023-2024.

### 2.7. Skipulag

Hver deild gefur út dagskipulag sem rammur inn starfið á deildinni án þess þó að setja því of fastar skorður. Markmiðið er að hafa dagskipulagið sem líkast dag frá degi til þess að skapa festu og öryggi fyrir nemendur leikskólans. Lögð er áhersla á að fastur hópstjóri sé heilt skólaár með sama hóp, ef unnt er, til að tryggja að hvert barn eigi sér öruggan málsvara og til að tryggja öllum börnum sérstaka athygli.

## 3. Skólastarfið 2023-2024

Skólastarfið í Krakkaborg veturinn 2023-2024 var viðburðarríkt, litlar breytingar urðu á starffólki en þó alltaf einhver smá velta. nýr deildarstjóri tók við Lóudeild tímabundið og gekk það samstarf mjög vel. Skólaárið fór vel af stað en alltaf koma upp einhverjir hnökror en það leystist allt saman.

Veturinn 2023-2024 stunduðu 44 nemendur nám í Krakkaborg, fædd á árunum 2018-2022.



- Lóudeild – 10 nemendur fæddir á árunum 2022
- Ugludeild- 16 nemendur fæddir á árunum 2020-2021
- Krummadeild – 18 nemendur fæddir á árunum 2018-2019

9 nemendur útskrifuðust úr Krakkaborg í lok júní 2024 og í tilefni þess var farið í útskriftarferð júní í Sandártungu í Þjórsárdal.

Í vetur voru 19 starfsmenn í leikskólanum í mismunandi starfshlutfalli 8 leikskólakennarar, þar eru meðtaldir leikskólastjóri og sérkennslustjóri, 1 grunnskólakennari og aðrir ófaglærðir, 1 matráður.

Símenntun og starfsþróun er afar mikilvæg í öllu skólastarfi en í vetur voru flestir hvattir til að nýta sér örnámskeið sem mátti finna víða á internetinu fyrir utan þá fræðslu sem var í boði á starfsdögum.

Leikskólinn Krakkaborg er Grænfána leikskóli og leggur áherslu á útinám og tekur leikskólinn þátt í alþjóðlega verkefninu Skólar á grænni grein sem Landvernd rekur hér á landi.

Skógarferðir hafa fest sig í sessi og einu sinni í viku fara flestir nemendur í slíkar ferðir, lengd og staðsetning fer eftir aldri nemenda og þau allra yngstu æfa sig bara að labba á ójöfnum vegi og í smá brekku. Einu sinni í mánuði fundar umhverfisráði þá bæði fullorðnir og nemendur og ræða um þau helstu verkefni sem hafa verið unninn og setja sér ný markmið fyrir næstu mánuði. Gullin í grenndinni sem er samstarfsverkefni Krakkaborgar og Flóaskóla hélt áfram í vetur. Gert var ráð fyrir því að hittast 1 sinni í mánuði í Skagás en í þessum ferðum hittast tveir elstu árgangar leikskólans og nemendur úr yngstu bekkjum Flóaskóla.

Samstarfsverkefni á milli skólastiga hélt áfram með glæsibrag og er þetta samstarf sem báðir skólar eru mjög stoltir af. Mikil félagstengsl myndast og nemendur úr leikskólanum eru sjálfsöruggir þegar þeir hefja sína skólagöngu í grunnskólanum.

Endurmat á skólastarfinu á að fara reglulega fram og var send út foreldrakönnun send út sem kom mjög vel út. Stjórnendur leikskólans veltu þó fyrir sér nokkrum punktum sem komu undir meðaltali á landsvísu og gerðu breytingar strax á því sem var ábótavant.

#### 4. Mat á skólastarfi og umbótaáætlun skólaársins 2023-2024

Í 18.grein laga um leikskóla nt. 90/2008 segir að hverjum leikskóla beri skylda að meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfsins. Sveitarfélög eigi síðan að fylgja innra matinu eftir svo það leiði til umbóta í skólastarfi skv. 19.gr. laganna.

Markmið mats og eftirlits með skólastarfi, og þar með markmið innra mats, er að tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leiksóla. Innra mati er ætlað að auka gæði skólastarfsins og stuðla að umbótum, tryggja að réttindi nemenda sé virt og að þeir fái þjónustu sem þeir eiga rétt á skv. lögum. Innra matinu er einnig ætlað að veita aðilum skólasamfélagsins og fræðsluyfirvöldum upplýsingar um skólastarfið árangur þess og þróun.

Aldrei er allt skólastarfið skoðað í einu því það er flókið og margþætt. Ef vel á að takast er mælt til þess að taka fyrir nokkra þætti í einu, þ.e. lítið umfang, meðan starfsfólk er að tileinka sér verklag innra mats. Mikilvægt er að gera áætlun fram í tímann til að tryggja að matið ná til allra sviða skólastarfsins og mælt er með 3-5 árum í það ferli. Matsþáttunum er ráðað á áætlunina sem afmarkar þau matsvið sem taka á fyrir á hverju ári. Það er þó ekki síður mikilvægt að endurskoða áætlunina á hverju ári því oft koma upp brýn málefni sem nauðsynlegt er að taka fyrir. Stjórnendateymi leikskólans sér um að útfæra matsspurningar sem notaðar verða í matinu. Til eru margar góðar leiðir til að meta skólastarf og hér má finna nokkur dæmi:

- Starfsmannasamtöl
- Foreldrasamtöl
- Spurningalistar til starfsfólks og foreldra
- Mat barna á skólastarfinu ( broskallakönnun og spurningakönnun)

#### 4.1. Innra mat leikskólans

Mat á starfi skólans fer fram með ýmsum hætti. Á deildarfundum undir stjórn deildarstjóra og á deildarstjórafundum þar sem leikskólastjórar, deildarstjórar, verkefnastjórar og sérkennslustjóri fara yfir stöðuna. Á skipulagsdögum er unnið að mati á skólastarfinu og umbótaáætlun.

##### 4.1.1. Starfsmannasamtöl

Starfsþróunarsamtal er reglubundið formlegt samtal leikskólastjóra og starfsmanns um frammistöðu og starfsþróun þess síðarnefnda.

Tilgangurinn með starfsmannasamtalinu er að líta yfir farinn veg og gefa starfsmanninum upplýsingar um það hvernig hann hefur staðið sig í þeim verkefnum sem tilheyra starfi hans, meta þörf fyrir þjálfun og endurmenntun, ræða væntingar starfsmannsins til starfsins og setja skýr markmið. Starfsþróunarsamtöllum er ætlað að bæta upplýsingastreymi milli leikskólastjóra og starfsfólks.

Segja má að starfsþróunarsamtöl séu hluti af innra mati leikskólans er lýtur að starfsmönnum og þeirra viðhorfum til leikskólans sem vinnustaðar. Starfsmanna samtöl voru tekin tvisvar sinnum yfir skólaárið og komu þau vel út í bæði skiptin en stjórnendur veltu fyrir sér tilgangi viðtalanna. Eru tilsett markmið með starfsmannasamtöllum að skila sér eða mætti endurskoða uppsetningu viðtala og spurningarlistann. Stjórnendur setja viðtalsblöð og spurningarlista í smá endurskoðun.

##### 4.1.2. Starfsmannafundir

Starfsmannafundir eru haldir reglulega frá 12-16 og er leikskólinn lokaður þann tíma. Þar er farið yfir viðfangsefnin sem unnin hafa verið, hvernig til hefur tekist og þau verkefni sem fram undan eru. Einnig eru haldnir fræðslufundir eða stutt námskeið í tengslum við starfsáherslur skólaársins. Starfsmannafundir eru einnig nýttir til að skipuleggja og taka til í umhverfi leikskólans.

##### 4.1.3 Foreldrasamtöl

Foreldrasamtöl eru haldin tvisvar sinnum á ári, en þau dreifast yfir árið í takt við TRAS skráningu og Hljóm-2. Samtölin gengu vel og er almenn ánægja með leikskólastarfið meðal foreldra og forráðamanna leikskólans. Samtölin gefa okkur tækifæri til að meta viðhorf foreldra til leikskólans og um leið gefst tækifæri til að bregðast við ef eitthvað má betur fara. Foreldrasamtöl eru því góður grundvöllur til að styrkja og efla samskiptin milli heimilis og leikskóla.

Ef foreldrar óskuðu eftir auka samtali en þá var farið hratt yfir sögu og foreldrum veitt ráðgjöf eins og hægt var. Slík samtöl kölluðum við snerpusamtöl en þau voru haldin með stuttum fyrirvara og voru stutt.

##### 4.1.5. Kennslu og uppeldisþættir

Í endurmati deildarstjóra á kennslu- og uppeldisháttum kom mjög skýrt fram að mikilvægt væri að skerpa á þeim þáttum, misjafn skilningur er lagður í einkunnarorð leikskólans og þeim má ekki gleyma. Einnig er nú unnið að nýrri skólastefnu Flóahrepps og því er það ekki síður mikilvægt fyrir leikskólann að samræma sig við hana og jafnvel breyta orðaræðu sinni.

##### 4.1.6 Námsið og daglegt starf

Í júní 2024 unnu allir starfsmenn endurmat á starfi vetrarins og settu fram tillögur að umbótum.

Hér má sjá hluta af niðurstöðum og tillögur að umbótum.

Hvernig gekk í vetur?





<b>Lóudeild</b> – veturinn gekk nokkuð spurt fyrir sig, stóðu sig vel á flestum sviðum það kom svolítið rót á hópinn þegar það var mikið um mannbreytingar en þó gekk veturinn vel.
<b>Ugludeild</b> - Starfsmenn unnu vel saman, daglegt starf gekk vel.
<b>Krummadeild</b> - gekk vel miðaða við aðstæður. Svólítið rót á starfsmönnum en þó gekk veturinn vel.
<b>Hvað hefðum við geta gert betur?</b>
<b>Lóudeild</b> – nota Tákn með tali (TMT) enn betur til að styðja við málþroska nemenda.
<b>Ugludeild</b> - að vinna meira út frá hugmyndafræði leikskólans. Hafa meira úrval af leikföngum og ólíkum efnivið fyrir nemendur.
<b>Krummadeild</b> - meiri festu á dagskipulagi og nýta rýmið betur.
<b>Markmið næsta vetur?</b>
<b>Lóudeild</b> – verða meira umhverfisvæn, auka við skógarferðir og auka við opin efnivið inni á deild.
<b>Ugludeild</b> - halda áfram með Lubba, auka við Blæ stundir.
<b>Krummadeild</b> - bæta og einfalda skipulag.

#### 4.1.7. HLjóm-2

HLjóm-2 er aldursbundin skimun sem er lögð fyrir til að meta hljóðs- og málmeðvitund nemanda í elsta árgangi leikskólans. Skimunin er gerð til að finna þau börn sem eru í mögulegri áhættu fyrir lestarerfiðleika síðar meir en slök hljóðkerfis- og málvitund er talin aðalörsök lestarvanda hjá 88% nemenda (9 af hverjum 10 nemendum) (mms.is).

	Góð færni	Meðalfærni	Slök færni	Mjög slök færni
Rím		8		1
Samstöfur		4	1	4
Samsett orð	5	4		
Hljóðgreinng	4	5		
Margræð orð	1	6	1	1
Orðahlutaeyðing	2	4	1	2
Hljóðtenging	2	5		2
Heildarniðurstöður	2	6	0	1

## 5. Nemendur, foreldrar og annað samstarf

### 5.1 nemenda hópurinn

#### Fjöldi nemanda í janúar 2022

Nemendur fæddir 2018 = 9

Nemendur fæddir 2019 = 9

Nemendur fæddir 2020 = 4

Nemendur fæddir 2021 = 12

Nemendur fæddir 2022 = 10

Samtals 44 nemendur

Stúlkur í námi = 22

Drengir í námi = 22

Skipting nemanda á deildir

Krummadeild



Krakkaborg

Starfsskýrsla Krakkaborgar 2023-2024

Nemendur fæddir 2018 ( 9 nemendur)
Nemendur fæddir 2019 (9 nemendur)
Ugludeild
Nemendur fæddir 2020 (4 nemendur)
Nemendur fæddir 2021 (12 nemendur)
Lóudeild
Nemendur fæddir 2022 (10 nemendur)

### 5.1.1. Fjöldi nemanda sem nutu sérstaks stuðnings

Engir nemendur þurftu á sérstökum stuðningi\* að halda í leikskólanum Krakkaborg 2022-2023.

Nemendur með þroska frávik fengu þann stuðning sem þau áttu rétt á. Sérkennslustjóri hélt utan um teymisfundir, einstaklingsnámsskrár og annað sem snýr að sérkennslumálum í leikskólanum. Í leikskólanum voru mynduð teymi með reglulegum fundum í kringum einn nemanda.

Allir nemendur í útskriftarhóp leikskólans voru Hljóm-2 prófuð, almennt komu nemendur ágætlega út úr þeirri skimun en ákveðið var að leggja áherslu á hljóðkerfisvitund nemenda.

Að auki voru 9 nemendur sem fengu tíma hjá sérkennslustjórna þar sem unnið var að verkefnum til að efla félags- og/eða málþroska nemenda í lengri eða skemmri tíma.

*\*Með sérstökum stuðningi í námi er átt við nemendur sem vegna fötlunar, tilfinningalegra eða félagslegra erfiðleika fá sérstaka aðstoð eða þjálfun undir handleiðslu sérfræðinga. Ekki er gerður munur á því hvort stuðningur átti sér stað í nokkur skipti eða allt árið.*

### 5.2. Foreldrasamvinna

Foreldrasamvinna og allt samstarf þarf að fela í sér gagnkvæman skilning, samvinnu og virðingu af beggja hálfu. Lögð er rík áhersla á að taka vel á móti öllum og dagleg samskipti eru einn mikilvægasti hlekkurinn milli heimili og skóla þar sem skipst er á upplýsingum um nemandann.

Foreldrar eru ávallt velkomnir að fylgjast með og taka þátt leik og starfi leikskólans auk þess að foreldrum er reglulega boðið að taka þátt í ýmsum viðburðum. Í ár voru viðburðir með foreldrum í lágmarki vegna sóttvarna.

#### 5.2.1. Foreldraráð

Í foreldraráði eru þrjú foreldrar en hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskólans. Góð samvinna var við foreldraráðið í vetur þar sem þau koma að málefnum leikskólans.

#### 5.2.2. Foreldrafélag

Allir foreldrar í leikskólanum gerast sjálfkrafa meðlimir í foreldrafélagi. Í vetur stóð foreldrafélagið af smá jólagleði í leikskólanum en þá gefst foreldrum að koma og eiga notalega aðventustund utandyra með börnunum sínum. Rauðklæddir karlar koma og kæta börn og fullorðna með mandarínnum og foreldrafélagið bíður upp á smákökur og leikskólinn býr til heitan drykk til að hlýja sér á. Foreldrafélagið aðstoðar einnig við sumarhátíðina okkar, þar grillum við pylsur og leikskólinn býður upp á djús og aðra afþreyingu. Foreldrafélagið gefur einnig öllum útskriftarnemendum gjöf og síðast liðin tvö ár hefur það verið handklæði merkt með nafni barns.

### 5.3. Fréttabréf

Á hverri deild hafa verið gefin út fréttabréf vikulega en fréttir og flestar tilkynningar fara fram á heimasíðu leikskólans <http://krakkaborg.leikskolinn.is/>, í gegnum tölvupóst ýmist frá deildarstjórum eða leikskólastjóra og í gegnum Facebook síðu leikskólans.

## 5.4. Samstarf, fræðsla og ráðgjöf

### 5.4.1 Samstarf við skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings

Leikskólinn hefur átt í mjög góðu samstarfi við skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings. Reglulega var fundað þá ýmist með Nemendaverndarráði eða með ráðgjöfum þjónustunnar. Auðvelt var að sækja ráðgjöf frá þeirri þjónustu og samstarfið hefur verið gott. Að auki við ráðgjöf hefur skóla- og velferðarþjónustan haldið utan um samráðsfundi með leikskólastjórum í uppsveitum og flóa og hefur það reynst vel að geta speglað eigið starf og læra af örðum stjórnendum.

### 5.4.2. Samstarf leik- og grunnskóla

Samstarfið er undirbúið í ágúst mánuði en þá funda skólastjórar beggja skólastiga ásamt deildarstjóra Krummadeildar og umsjónarkennara 1. bekkjar og skipuleggja viðfangsefni og verkefni samstarfsins. Heimsóknirnar hefjast í september þegar 1. bekkur Flóaskóla kemur í stutta heimsókn í Krakkaborg. Í október fara elstu börn Krakkaborgar í sína fyrstu heimsókn í Flóaskóla. Í maí fara nemendur leikskólans í vorskóla en þá fer útskriftar hópurinn í Flóaskóla. Þar hefst heimsóknin um klukkan 8:30 og koma aftur í leikskólann eftir hádegismat um klukkan 12:30, þar af tveir dagar þar sem boðið var upp á að nemendur séu sóttir og skilað heim af skólabílum.

Viðfangsefni eru misjöfn og lögð er áhersla á málörvun, talnaskilning og samvinnu ásamt því að nemendur fái að prófa ólíkar námsgreinar.

## 6. Starfsmannamál

Skólaárið 2023-2024 voru um 16 starfsmenn í Krakkaborg í mismunandi stöðu og stöðuhlutföllum. Í vetur störfuðu í heildina sjö leikskólakennarar, einn grunnskólakennari, og aðrir ófaglærðir. Þá starfaði einn starfsmaður í eldhúsi.

### 6.1. Stjórnarskipan Krakkaborgar 2022-2023

Starfsheiti	Nafn	Tímabil	stöðuhlutfall
Leikskólastjóri	Sara Guðjónsdóttir	2021 -	100%
Aðst.leik.stjóri/ sérkennslustjóri	Þórdís Guðrún Þormóðsdóttir	2021-	75%
Deildarstjóri	Björg Kvaran Sigurjónsdóttir	2021- Var í veikindaleyfi haustið 2023	100%
Deildarstjóri	Ída Bjarnadóttir	Haustið 2023	80%
Deildarstjóri	Eva Ásgeirsdóttir	2022-	90% / 80%
Deildarstjóri	Sigríður Bjarnadóttir	2023-	100%
Matráður	Svandís Guðmundsdóttir	2022-	100% / 75%

### 6.2 Fundur

Í vetur var ákveðið að deildarfundir skildu vera aðra hverja viku hjá deildum og hjálpuðust þær að að leysa hver aðra fá meðan, fundirnir voru þá 1 klst í senn. Deildarstjórafundir voru í hverri viku, en umhverfisnefnd átti að vera einu sinni í mánuði en þeir féllu svolítið niður hjá okkur í vetur vegna breytna aðstæðna í hús, mannbreytinga og veikinda fundarsetumanna.



Deildarstjórafundir voru einu sinni í viku, á þeim fundum situr stjórnunarteymi leikskólans – leikskólastjóri, aðstoðar- og sérkennslustjóri og deildarstjórar. Á deildarstjórafundum er farið yfir starf leikskólans, það skipulagt og endurmetið. Fundargerðir eru sendar á allar starfsmenn leikskólans í tölvupósti sem þeir svo kvitta undir þegar þeir hafa lesið hana.

Umhvefisnefndarfundir áttu að vera eins og áður kom fram að vera einu sinni í mánuði en vegna skipulagsbreytinga og tímaskorts féllu þeir mikið niður hjá okkur í vetur.

Aðrir sameiginlegir fundir sem fulltrúar leikskólans sóttu eru: leikskólastjórafundir og fræðslunefndarfundir.

### 6.3. Símenntun starfsmanna

Símenntunaráætlun Krakkaborgar er liður í því að ná þeim markmiðum sem sett hafa verið fyrir skólaárið. Hún er gerð með áherslum á styrkleika og veikleika leikskólans í huga og þar er útlistað hvernig hún er fjármögnuð, skipulag og reglur skilgreindar. Leikskólastjóri ber höfuð ábyrgð á framkvæmd og úrvinnslu símenntunaráætlunarinnar en starfsfólk ber ábyrgð á eign símenntun þ.e. greina þarfir sínar, hafa frumkvæði að fræðslu og efla starfsþroska sinn. Tími til símenntunar ræðst af þörfum og fjármagni hverju sinni.

#### 6.3.1. skilgreining á símenntunarpörf

Hverjum skóla er skylt að gera símenntunaráætlun og henni má skipta í tvo þætti:

- Sem er nauðsynlegt fyrir leikskólann
- Sem kennarinn metur æskilega fyrir sig

Skólastjórnendur ákvarða almenna þörf fyrir námskeið út frá áhersluatriðum næsta vetrar, óskum starfsmanna og fjárhagsáætlun skólans. Kennurum og starfsfólki er skylt að fara á námskeið samkvæmt símenntunaráætlun leikskólans.

Ákvörðun skal tekin af leikskólastjóra hvað skal bjóða kennurum upp á mörg námskeið á skólaári út frá því sem þeir hafa áhuga á, til að halda sér við í starfi eða bæta nýrri þekkingu sem nýtist í starfi. Í starfsmannasamtölum sem haldin eru tvisvar sinum á ári er farið yfir óskir og þarfir starfsmanna og þær eru skráðar niður. Skólastjóri auglýsir öll fræðsluerindi og námskeið sem berast með því að senda tölvupóst, setja það upp á töflu á kaffistofu starfsmanna og á lokaða Facebook síðu.

#### 6.3.2. mat á árangri

Það er á ábyrgð leikskólastjóra að skrá og staðfesta símenntun. Ábyrgð starfsmanns felst í að óska eftir skráningu og staðfestu þegar hann getur sýnt fram á að símenntun sé lokið hverju sinni. Matshæf símenntun er símenntun sem er samþykkt af starfsmanni og stjórnanda, haldin í eða fyrir utan vinnutíma. Leikskólastjóri metur hversu vel starfsfólki hefur tekist að uppfylla kröfur í áætlun þeirra. Hann tilkynnir með fyrirvara því starfsfólki sem þarf að ljúka áætlun áður en launahækkun tekur gildi.

#### 6.3.4 fjármögnun símenntunar

Skóli greiðir 100%	Skóli greiðir og starfsmaður	Starfsmaður greiðir 100%
Vinnustaðurinn greiðir vinnutíma samkvæmt starfshlutfalli en yfirvinna er ekki greidd. Vinnustaðurinn greiðir námskeiðsgjald	Skóli greiðir vinnutímann samkvæmt starfshlutfalli en yfirvinna er ekki greidd. Starfsmaður greiðir námskeiðsgjald/sækir í sjóðinn sinn	Starfsmaður fær launalaust leyfi og greiðir námskeiðsgjald sjálfur.



Krakkaborg

## Starfsskýrsla Krakkaborgar 2023-2024

Starfstengd ósk stjórnanda og þátttaka er innan vinnutíma. Starfstengd ósk starfsmanns og þátttaka er innan eða utan vinnutíma, þó alltaf ákvörðun stjórnanda	Starfstengt en ekki forgagnsmál. Þátttaka innan eða utan vinnutíma	Óljós eða engin tengsl við núverandi starf eða framtíðarstarf.
Námskeið á starfsdegi og á starfsmannafundum. Sérstök námskeið er tengjast markmiðum og/eða áherslum skólans sem starfsmaður sækir að beiðni leikskólastjóra.		Sækja þarf um með góðum fyrirvara til leikskólastjóra sem metur aðstæður hverju sinni. Leyfi til að sækja námskeið einungis veitt ef það hefur ekki veruleg áhrif á starfsemi leikskólans að starfsmaður sé frá vinnu.

### 6.3.5 Yfirlit símenntunar skólaársins 2023 – 2024

Símenntun árið 2023-2024 átti sér að mestu stað á starfsdögum og starfsmannafundum. Ásamt því að í húsinu voru 3 í háskólanámi, þá ýmist í námi til að öðlast kennsluréttindi eða í viðbótarnámi.

Starfsdagar 2023-2024	
28.september	F.H. Skyndihjálparnámskeið E.H. Menntakvika HÍ
29.september	Menntakvika HÍ
2. janúar	Samantekt á hausti og undirb. fyrir vorönn
30.apríl	Starfsdagur
5.júní	Endurmat á vorönn - skólaheimsókn

## 7. Starfsáætlun skólaársins 2024-2025

Í öllu starfi leikskólans er lögð áhersla á samskipti og vellíðan í leik og stafi auk virðingar fyrir náttúrunni. Samskipti þurfa að vera góð milli barna og fullorðinna, milli barna og á milli fullorðinna. Samskiptin ættu að einkennast af virðingu, hlýju og trausti.

Leikurinn er aðal kennslutæki leikskólans og er því mikilvægt að gefa honum mikið rými og veita nemendum tækifæri á því að kanna nýjar slóðir í gegnum leik. Í leik felst mikið sjálfsnám, honum fylgir einnig bæði gaman og alvara, þar sem ungir nemendur endurspeglar þá reynslu sem þeir búa yfir og það sem þeir sjá í umhverfinu sínu. Í leik efla nemendur félagslegsamskipti, að tjá tilfinningar sínar og þjálfar notkun tungumálsins, leikur og leikskólastarf eru tveir órjúfanlegir þættir. Því skal það vera rauði þráðurinn í gegnum allt starf leikskólans að veita nemendum tækifæri til sjálfssprottinna leikja og því skal sveigjanleiki ríkja í skipulaginu svo þörfum nemenda sé fullnægt. Mikilvægt er að efla alla þroska þætti þá, félags- og tilfinningaþroska sem og and- og líkamlegan þroska. Veita skal nemendum rými til þess að þjálfar gróf- og fínhyrfingar í gegnum leik í ólíkum aðstæðum innanndyra sem og utan. Kennarinn og aðrir starfsmenn taka þátt í leikjum nemenda á forsendum nemenda og hefur ávallt jákvæðni, jafnrétti, þolinmæði, virðingu og áhuga að leiðarljósi. Leitast er við að hafa leikfangakost fjölbreyttan og margvíslegan efnivið til skapandi starfa. Umhverfið skal vera snyrtilegt og aðlagandi með hæfilegu framboði leikefnis.



## Starfsskýrsla Krakkaborgar 2023-2024

Í leikskólastarfinu þarf að ríkja jafnvægi á milli frjálsra og skipulagðra leikja, innileikja og útileikja, einstaklingsverkefna og félagslegra samskipta og milli hvíldar og virkrar þátttöku í leik og starfi.

Veturinn 2024-2025 mun líkt og áður einkennast af þemastarfi tengdu Grænfánanum, útikennslu og skógarferðum. Leikskólinn Krakkaborg hefur nú um nokkurt skeið lagt áherslu á útikennslu þar sem aðal áherslan hefur verið á umhverfismennt og skógarferðir. Við byggjum enn frekar á fengina reynslu og setum okkur markmið að um að auka framboð á tækifærum til útináms.

Hugmyndafræðin á bakvið útinámið er að virkja sköpunarkraft nemenda, auka sjálfstæði, hvetja til sjálfbærni, sjálfstæðis og lýðræði í kennsluáðferðum.

Megin reglan er sú að kennsla byggji á raunverulegum verkefnum, að kennarinn elti hugmyndir nemandans og hjálpi þeim til að ná enn lengra með hugmyndir sínar. Við göngum út frá því þeirri kenningu að kjöraðstæður náms séu þar sem áhugi nemenda liggur, einnig að raunaðstæður séu vænlegastar til árangurs, því er forgangurinn þessi:

1. Hugmyndir nemenda vikjaðar ( hvað viltu gera og hvernig, ég hjálpa þér að ná lengra)
2. Kennsla í ljós aðstæðna ( rigning í dag, finnum geitungabú, rusl á víða vangi, hvað getum við lært af því eða um það)
3. Innlögn af almennum toga ( óbein stafa innlögn, teiknum stafi, reikna með könglum, trégreinar í bókstafi)

Vegna þess hve fjölbreytt verkefni geta orðið eru niðurstöður og afrakstur af ýmsum toga. Sem dæmi má nefna fín- og grófhreyfingar, þrívíð hugsun, sköpun, læsi, sjálfstæði, áræðni og svo margt fleira.

Þar sem nemendur hafa mikil áhrif á verkefna val vilja þeir haldast betur og lengur í verki, en það gerir kennaranum kleift að vera leiðbeinandi og styðja nemendur í samskiptum sín á milli. Ungir nemendur eru stöðugt að æfa sig í tungumálinu og leggja orð á hluti, hvað þeim langar að gera og komast að samkomulagi við aðra nemendur um hvað leið skyldi fara. Þetta er grunn aðferð að efla félagsfærni og æfing í að eiga í árangursríkum samskiptum við aðra.

Nemendum er skipt í minni hópa þegar farið er í skógarferðir og því er aldrei öll deildin í einu í skógar- eða vettvangsferðum. En með því að skipta hópnum í að minnsta kosti tvennt minnkar áreiti og nemendur fá frekara næði til að einbeita sér í leik og starfi. Allir nemendur leikskólans munu fara í útikennslu í mislangan tíma og miss langt frá leikskólalóð.

Það sem einkennir útikennsluna er fyrst og fremst vinnugleði, mun færri árekstra og minna stress. Skógarferðir má segja vera ævintýraferð í friðlandi þar sem nemendur setja eigin dagskrá á leið sinni til þroska.

Leikskólinn er enn í þeirri vinnu að Heilsueflandi Leikskóli, en leikskólinn er nú þegar hluti af Heilsueflandi Samfélagi. Markið vetrarins er að fara aftur í gegnum gátlistana en leikskólinn mun vinna þetta verkefni í samstarfi við grunnskólann eins og hægt er.

Veturinn 2024-2025 mun leikskólinn taka þátt í verkefni í samvinnu við Miðstöð menntunar og skólaþjónustu sem heitir Snemmtæk íhlutun en með því verkefni er lögð áhersla á að auka þekkingu og hæfni alls starfsfólks leikskólanna með það fyrir augum að öll börn fái íhlutun og áskoranir við hæfi í leik og starfi.

Verkefnið er unnið samkvæmt verkáætlun með það fyrir augum að virkja allt lærdómssamfélagið um verkefnið en yfirlit um aðrar afurðir verkefnisins er m.a.

- Innleiðing, verkferill og þjálfun á tengiliðum í hverjum skóla og sveitarfélagi.

- Fyrirlestrar, handbókarrammi og efni tengt honum á vef sem er lokaafurð hvers leikskóla.
- Efni tengt snemmtækri íhlutun í hnotskurn, flokkunarammi námsefnis, uppbygging málörvunarstunda, yfirlit aldurstengdrar getu í málproska barna og annað efni tengt verkefninu.
- Fyrirlestrarefni.
- Myndbönd og upptökur sem styðja og útvíkka verkefnið.

Sá lærdómur sem má hafa af þessu verkefni er að það þarf mun meiri kraft í að styðja við leikskóla með starfsþróun alls starfsfólks innan leikskólana með áframhaldandi vinnu í anda snemmtæktrar íhlutunar sem og lærdómssamfélagsins í heild. Markmiðið er að hámarka árangur allra barna hvað varðar málproska og læsi því þannig má auka líkur á góðu námsgengi síðar meir og koma í veg fyrir lestrarerfiðleika við byrjun lestrarnáms einnig að hvert barn fái íhlutun, kennslu við hæfi og að kennsla í grunnskólum byggji á niðurstöðum og áherslum frá leikskólum. Þannig yrði stuðlað að aukinni samfellu milli skólastiga

Í köflum 7.1 og 7.2 má finna áætlanir fyrir skólaárið 2024-2025

### 7.1 símenntunaráætlun 2024-2025

Símenntunaráætlun 2024-2025				
Lýsing á menntun	Tilgagnur	Tímabil	Tíma fjöldi	Þátttakendur
TRAS réttinda námskeið	Að veita fleiri fagmenntuðum starfsmönnum réttindi á TRAS-skimun	Okt - nóv	2x3 klst	3 leikskólakennarar
Menntaflétta	Að styrkja og efla starf deildarstjóra innann leikskólans	Sept 2024– mars 2025	6 x 3 klst	3 deildarstjórar
Stjórnun menntastofnana	Meistarnám HÍ	Sept. 2024-Maí 2025		leikskólastjóri
BOFS	Farsæld Barna - Tengiliðir	september	1x 1 klst	sérkennslustjóri
Kennaranám HA	Grunnnám í kennsluréttindum	Sept. 2024-Maí 2025		1 starfsmaður
Fagháskólanám HÍ / HA	Grunnnám í kennsluréttindum	Sept. 2024-Maí 2025		1 starfsmaður
Starfsdagar				
Farið yfir markmið vetrar ásamt undirbúningsvinnu fyrir komandi skólaár. Skólaheimsókn		22.ágúst	8 klst	Allir
Menntakvika HÍ / Haustþing FL og FSL 8.deildar	Hér fá allir starfsmenn tækifæri á endurmenntun og hlusta á fyrirlestra	27.september 2024	8 klst	Allir



½ Hvað triggerar mig? Fyrirlestur frá ég er Unik ½ Sameiginlegur dagur SVÁ	Fyrirlestur fyrir alla starfsmenn leikskólans	1.nóvember 2023	8 klst	Allir
Endurmar og undirbúningur fyrir vormisseri		2. janúar 2025	8 klst	Allir
Námsferð innanlands		30.apríl 2025	8 klst	Allir
Námsferð innanlands Endurmat á vetri		2.maí 2025	8 klst	Allir

## 7.2 Verkefna- og viðburðaáætlun

Mánuður	Viðburðir og verkefni	Mannauður
<b>Ágúst</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Afmæli Krakkaborgar</li> <li>Viðhald á heimasíðu</li> <li>Aðlögun nýrra nemenda</li> <li>Vikufréttir af deildum sendar heim</li> <li>Frétt í Áveituna</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Yfirfara samskipta- og trúnaðarsamning.</li> <li>Yfirfara eineltisáætlun</li> <li>Fundur umhverfisráðs og nemenda vegna grænfanaverkefnis</li> <li>Starfsdagur</li> </ul>
<b>September</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Kynningarfundur fyrir foreldra</li> <li>Foreldraráðsfundur</li> <li>Viðhald á heimasíðu</li> <li>1. bekkur Flóaskóla kemur í heimsókn</li> <li>Hljóm-2</li> <li>TRAS</li> <li>Dagur íslenskrar náttúru</li> <li>Uppskeruhátíð</li> <li>Vikufréttir af deildum sendar heim</li> <li>Gullin í grenndinni</li> <li>Grænmetisræktun/Uppskeruhátíð</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Starfsmannafundur</li> <li>Uppfæra starfsmannahandbók</li> <li>Uppfæra rýmingar áætlun – Brunaæfing</li> <li>Fundur umhverfisráðs og nemenda vegna grænfanaverkefnis</li> <li>Klára og kynna starfsskýrslu 2023-2024</li> <li>Menntakvika HI</li> <li>Leggja til könnun vegna skráningardaga í október</li> </ul>
<b>Október</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Foreldraviðtöl</li> <li>Skólaheimsókn hjá elsta árgangi Krakkaborgar</li> <li>TRAS</li> <li>Vikufréttir af deildum sendar heim</li> <li>Gullin í grenndinni</li> <li>Hljóm-2</li> <li>Danskennsla</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Uppfæra foreldra- og starfsmanna handbók</li> <li>Fundur umhverfisráðs og nemenda vegna grænfanaverkefnis</li> <li>Starfsmannafundur</li> </ul>



	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Frétt í Áveituna</li> </ul>	
Nóvember	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Dagur íslenskrar tungu</li> <li>• Jólaljós tendruð</li> <li>• Skólaheimsókn hjá elsta árgangi Krakkaborgar</li> <li>• Vikufréttir af deildum sendar heim</li> <li>• Gullin í grenndinni</li> <li>• TRAS</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Sameiginlegur starfsdagur með SVÁ</li> <li>• Fundur umhverfisráðs og nemenda vegna grænfanaverkefnis</li> <li>• Starfsþróunarsamtal.</li> <li>• Starfsmannafundur</li> <li>• Leggja til könnun vegna skráningardaga í desember</li> </ul>
Desember	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Jólaball</li> <li>• Vikufréttir af deildum sendar heim</li> <li>• TRAS</li> <li>• Frétt í Áveituna</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Fundur umhverfisráðs og nemenda vegna grænfanaverkefnis</li> <li>• Starfsmannafundur</li> <li>• Skoða fjölda nemenda fyrir næsta misseri</li> </ul>
Janúar	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Skólaheimsókn hjá elsta árgangi Krakkaborgar</li> <li>• Gullin í grenndinni</li> <li>• Vikufréttir af deildum sendar heim</li> <li>• TRAS</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Starfsdagur</li> <li>• Fundur umhverfisráðs og nemenda vegna grænfanaverkefnis</li> <li>• Leggja til könnun vegna skráningardaga í febrúar</li> </ul>
Febrúar	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Dagur leikskólans</li> <li>• Bolludagur</li> <li>• Sprengidagur</li> <li>• Konudagur</li> <li>• Vikufréttir af deildum sendar heim</li> <li>• Skólaheimsókn hjá elsta árgangi Krakkaborgar</li> <li>• TRAS</li> <li>• Hljóm-2</li> <li>• Gullin í grenndinni</li> <li>• Þorrablót</li> <li>• Bóndadagur</li> <li>• Öskudagur</li> <li>• Frétt í Áveituna</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Starfsmannafundur</li> <li>• Fundur umhverfisráðs og nemenda vegna grænfanaverkefnis</li> </ul>
Mars	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Foreldraviðtöl</li> <li>• Menningarferð</li> <li>• Skólaheimsókn hjá elsta árgangi Krakkaborgar</li> <li>• TRAS</li> <li>• Vikufréttir af deildum sendar heim</li> <li>• Gullin í grenndinni</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Fundur umhverfisráðs og nemenda vegna grænfanaverkefnis</li> <li>• Leggja til könnun vegna skráningardaga í apríl</li> </ul>
Apríl	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Foreldraráðsfundur</li> <li>• Skólaheimsókn hjá elsta árgangi Krakkaborgar</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Undirbúningur fyrir næsta skólaár</li> </ul>

	<ul style="list-style-type: none"> <li>Innra mat nemenda</li> <li>Vikufréttir af deildum sendar heim</li> <li>Gullin í grenndinni</li> <li>TRAS</li> <li>Frétt í Áveituna</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Auglýsa eftir leikskólakennurum fyrir næsta skólaár</li> <li>Fundur umhverfísráðs og nemenda vegna grænfanaverkefnis</li> <li>Starfsþróunarsamtal.</li> <li>starfsdagur</li> </ul>
Maí	<ul style="list-style-type: none"> <li>Sumarhátíð</li> <li>Grænmetisræktun/Útinám</li> <li>Vorskóli</li> <li>Vikufréttir af deildum sendar heim</li> <li>Viðhald á heimasíðu</li> <li>Fjör í Flóa</li> <li>Gullin í grenndinni</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Undirbúningur fyrir næsta skólaár</li> <li>Vistunarplássum fyrir næsta skólaár úthlutað</li> <li>Skilafundur með Flóaskóla</li> <li>Fundur umhverfísráðs og nemenda vegna grænfanaverkefnis</li> <li>starfsdagur</li> </ul>
Júní	<ul style="list-style-type: none"> <li>Sumarferð/Útskriftarferð</li> <li>Grænmetisræktun</li> <li>Frétt í Áveituna</li> <li>Vikufréttir af deildum sendar heim</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Undirbúningur fyrir næsta skólaár</li> <li>Vinna starfs-, árs- og símenntunaráætlun Krakkaborgar</li> <li>starfsmannafundur</li> <li>Frágangur fyrir sumarfrí</li> </ul>

### 7.3 Umbótaáætlun

Umbótaáætlun unnin vor 2024		
Verkþáttur	Hver ber ábyrgð	Tímabil
Starfsmannakönnun send út á vegum skólupúlsins	Leikskólastjóri	2024-2025
Móttaka nýrra starfsamanna	Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, deildarstjórar	2024-2025
Deildarfundir	Deildarstjóri, starfsmenn deildarinnar	2024-2025

### Lokaorð

Líkt áður hefur komið fram byrjaði skólaárið 2023-2024 á góðum nótum og þrátt fyrir smá hnökra hér og þar mátti alltaf finna gleði og jákvæðni í starfsmannahópnum. Nemendur stóðu sig allan jafnan vel og létu smá breytingar lítið á sig fár. Stjórnendur fegnu að vinna fyrir kaupinu sínu þetta skólaárið og þurftu að ver miklir þátttakendur í starfi inni á deildum sem er gaman og heldur stjórnendum í tenginu við starfið á gólfinu. Krakkaborg hefur svo sannarlega risið upp eins og Fönix eftir stormasöm ár og hér ríkir góður starfsandi og mikil gleði. Starfið er faglegt og við erum enn að vaxa.



Krakkaborg

## Starfsskýrsla Krakkaborgar 2023-2024

Það eru forréttindi að fylgja nemendum frá 12 mánaða aldri til 6 ára. Að sjá hvernig nemendur þroskast og sjá starfsmenn auðgast í starfi, í takt við nemendur. Umhverfi leikskólans er náttúruperla og býður upp á svo ótal marga möguleika til leikja og náms sem má ekki gleyma í öllu skipulaginu og amstri dagsins. Leikskólastarfið er blómlegt og áfram eru spennandi tímar fram undan, alltaf kemur eitthvað nýtt og skemmtilegt verkefni sem leikskólinn tekur fagnandi á móti.

Líkt og áður eru markmið vetrarins að efla starfið enn frekar og búa til nýja hæð á faglegt starf leikskólans. Leikskólinn er ríkur af faglegu fólki, menntuðu og ómenntuðu, og er það stórt tækifæri til að efla starfsemi leikskólans enn frekar.

Flóahreppur, september, 2024.

---

Sara Guðjónsdóttir  
Leikskólastjóri Krakkaborgar

## Hulda Kristjánsdóttir

---

**From:** Saga Guðmundsdóttir <saga.gudmundsdottir@samband.is>  
**Sent:** föstudagur, 20. september 2024 10:35  
**Cc:** Þórdís Sveinsdóttir; Jóhannes Á. Jóhannesson; Helgi Aðalsteinsson  
**Subject:** Forsendur fjárhagsáætlana sveitarfélaga  
**Attachments:** Forsendur fjárhagsáætlana sveitarfélaga 2025-2028.pdf; Forsendur fjárhagsáætlana sveitarfélaga 2025-2028 (til birtingar).pdf


Góðan dag,

Í viðhengi er minnisblað um forsendur fjárhagsáætlana sveitarfélaga 2025 og 2026-2028. Það er nokkuð um nýtt fólk í brúnni okkar megin og er minnisblaðið því með nýju sniði í ár. Við reynum hér að verða við ákalli um styttingu á forsendublaðinu en þó hefur verið bætt við hagstærðum sem gætu nýst í áætlunargerðinni. Þar má helst nefna þróun *heildarlauna á ársverk* (hefur staðkvæmd við launavísitölu) og þróun *mannfjölda á vinnufærum aldri* (hefur staðkvæmd við mannfjöldaspá). Hagstærðirnar eru nánari upplýsingar úr þjóðhagsspá Hagstofu Íslands og eru ekki til opinberrar birtingar. Ef leggja á minnisblaðið fyrir bæjar- eða sveitarstjórnir og birta opinberlega í kjölfarið þá bið ég ykkur um að birta skjalið í viðhengi sem heitir "til birtingar".

Ætlun Sambandsins með minnisblaðinu er að styðja við fjárhagsáætlunargerð sveitarfélaga svo endilega hafið samband ef eitthvað má betur fara.

Von er á uppfærðri þjóðhagsspá Hagstofa Íslands þegar líður að vetri og mun minnisblaðið vera uppfært með tilliti til þess.

Bestu kveðjur,




Saga Guðmundsdóttir  
Aðalhogfræðingur  
Próunarsvið

Samband íslenskra sveitarfélaga  
Borgartúni 30, pósthólf 8100 128 Reykjavík  
Sími: 515 4925 / 616 8696  
[www.samband.is](http://www.samband.is)

---

Vinsamlega athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við þig að fara eftir 9. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna okkur að þau hafi ranglega borist þér.



## Minnisblað

Móttakandi: Til sveitarstjórna og þeirra  
starfsmanna sveitarfélaga sem  
málið varða

Dags.: 18. september 2024

Sendandi: Greiningarteymi Próunarsviðs  
Sambands Íslenskra sveitarfélaga

Málsnr.: 2409022SA  
Málalykill: 01.21

### Efni: Forsendur fjárhagsáætlana sveitarfélaga 2025 og 2026-2028

Fjárhagsáætlun sveitarfélaga byggir á forsendum um hvernig hagstærðir muni þróast yfir það tímabil sem áætlunin tekur til. Í lögum um opinber fjármál (nr. 123/2015) er lögð áhersla á að fjárhagsáætlanir skuli byggðar á traustum forsendum og gögnum. Í reglugerð nr. 1212/2015 segir með beinum hætti í 17. gr. að við vinnslu fjárhagsáætlana skuli sveitarfélög styðjast við þjóðhagsspár Hagstofu Íslands þar sem við á. Til viðbótar getur verið gagnlegt að styðjast við þjóðhagsspá Seðlabanka Íslands og greiningardeilda viðskiptabankanna, auk mannfjöldaspár Hagstofunnar og Byggðastofnunar. Spárnar gefa vísbendingar um skattheimtu sveitarfélaga á komandi árum. Auk þess sem að verðlagsþróun og gerðir kjarasamningar nýtast vel til áætlunar um þróun kostnaðarliða.

Þó er vert að hafa í huga að spám fylgir ætíð óvissa um raunverulega framvindu. Í áætlunargerðinni í ár er verðbólgu- og vaxtaþróun mikilli óvissu undirorpin og í því samhengi þróun húsnæðisverðs. Þessu til viðbótar á enn eftir að ganga frá langtímakjarasamningum við nær helming starfsfólks sveitarfélaga.

Ætlun Sambands Íslenskra sveitarfélaga með minnisblaði þessu er að styðja við fjárhagsáætlunargerð sveitarfélaga. Von er á uppfærðri þjóðhagsspá Hagstofa Íslands þegar líður að vetri og mun minnisblaðið vera uppfært með tilliti til þess.

### I. Þjóðhagslegar forsendur áætlunargerðar

#### Þjóðhagsspá Hagstofu Íslands

Þjóðhagsspá Hagstofu Íslands er að jafnaði gefin út að vori, sumri og vetri. Í þjóðhagsspá er metin efnahagsleg framvinda yfirstandandi árs auk næstu fimm ára. Staða hagkerfisins greind og spáð fyrir helstu hagstærðum á borð við hagvöxt, fjárfestingu, verðbólgu og þróun á vinnumarkaði.

Tafla 1. Helstu stærðir í þjóðhagsspá Hagstofu Íslands 2025-2029

	2023	2024	2025	2026	2027	2028

Verg landsframleiðsla (milljarðar kr.)	4.321	4.573	4.889	5.170	5.441	5.725
Verg landsframleiðsla (ársbreyting á nafnverði)	11,0%	5,8%	6,9%	5,7%	5,2%	5,2%
Hagvöxtur	5,0%	0,9%	2,6%	2,7%	2,6%	2,5%
Verðbólga	8,7%	6,0%	3,9%	2,7%	2,5%	2,5%
Atvinnuleysi (% af vinnuafli)	3,4%	4,2%	4,3%	4,2%	4,1%	4,0%
Heildarlaun á ársverk (ársbreyting)*						
Launavísitala (ársbreyting)	9,8%	6,6%	5,6%	4,4%	4,1%	4,1%
Mannfjöldi á vinnufærum aldri (ársbreyting)*						

Heimild: Hagstofa Íslands.

Rauntölur fyrir 2023 en spá fyrir 2024-2028

\*Nánari upplýsingar úr Þjóðhagsspá Hagstofu Íslands og ekki til opinberrar birtingar

### Verðbólga

Verðlagsforsendur eru stór þáttur í áætlunargerð sveitarfélaga og því gagnlegt að horfa til fleiri verðbólguþspáa, sér í lagi þegar nokkuð er liðið frá útgáfu Þjóðhagsspár Hagstofu Íslands. Þar má horfa til verðbólguþspár Seðlabanka Íslands auk greiningadeilda viðskiptabankanna. Í eftirfarandi töflu eru spár um verðbólgu, raðað eftir því hvenær spárnar voru birtar. Nýjasta spáin gerir ráð fyrir hærri verðbólgu á tímabilinu en eldri spár.

Tafla 2. Nýlegar verðbólguþspár

	2024	2025	2026	2027	2028
Seðlabanki Íslands (ágúst 2024)	6,2%	4,2%	2,9%		
Hagstofa Íslands (júní 2024)	6,0%	3,9%	2,7%	2,5%	2,5%
Íslandsbanki (maí 2024)	5,9%	3,6%	3,1%		
Arion banki (apríl 2024)	5,8%	4,4%	3,7%		
Landsbankinn (apríl 2024)	6,0%	4,4%	3,5%		

Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands, Íslandsbanki, Landsbankinn og Arion banki.

### Húsnæðisverð

Húsnæðisverðþróun styður við áætlunargerð í innheimtu fasteignaskatts sveitarfélaga þar sem fasteignamat hvers árs miðast við verðlag fasteigna í febrúar árið áður. Hvorki Hagstofan né Seðlabankinn spá fyrir um þróun húsnæðisverðs en þá er hægt að notast við spár viðskiptabankanna um þróun þess.

Tafla 3. Ársbreyting húsnæðisverðs greiningadeilda viðskiptabankanna

	2024	2025	2026
Íslandsbanki (maí 2024)	5,8%	5,1%	6,1%
Landsbankinn (apríl 2024)	7,0%	8,8%	7,7%
Arion banki (apríl 2024)	7,8%	4,8%	5,5%
Meðaltal	6,9%	6,2%	6,4%

Heimild: Íslandsbanki, Landsbankinn og Arion banki.

### Mannfjöldaspá

Hagstofa Íslands birtir mannfjöldaspá sem nær nú til árána frá 2022 til 2073 (<https://hagstofa.is/talnaefni/ibuar/mannfjoldaspa/mannfjoldaspa/>). Framreikningur mannfjöldans er í eðli sínu óvissu undirorpinn og eykst óvissan eftir því sem lengra er horft inn í framtíðina. Spáin gefur engu að síður mikilvægar vísbendingar um mannfjöldapróun, einkum er varðar yngstu og elstu árgangana. Búferlaflutningar eru hins vegar mjög ráðandi um þróun annarra árganga og erfitt hefur reynst að spá fyrir um þá.

Hagstofa birtir ekki mannfjöldaspár eftir sveitarfélögum, en Byggðastofnun birtir slíka spá sem byggð er á mannfjöldaspá Hagstofu. Mannfjöldaspá Byggðastofnunar 2023-2074 hefur verið birt á vef stofnunarinnar (<https://www.byggdastofnun.is/is/utgefifefni/maelabord/mannfjoldaspa/>).

### Framleiðsla stórra atvinnugreina

Útsvarstekjur sveitarfélaga geta verið háðar gangi tiltekinna atvinnugreina. Þá getur verið gagnlegt að horfa til spár um þróun stórra útflutningsgreina s.s. ferðaþjónustu, sjávarútvegs eða álframleiðslu.

Þjóðhagsspá Hagstofu Íslands spáir fyrir um fjölda erlendra ferðamanna sem gefur fyrirheit um umsvif í ferðaþjónustu hér á landi. Spáteymi Hagstofunnar gerir ráð fyrir að fjöldi erlendra ferðamanna fjölgi hægt á næstu árum.

Tafla 4. Spá um fjölda erlendra ferðamanna

	2023	2024	2025	2026	2027	2028
Fjöldi erlendra ferðamanna (milljónir)*						
Fjöldi erlendra ferðamanna (ársbreyting)*						

Heimild: Hagstofa Íslands.

\*Nánari upplýsingar úr þjóðhagsspá Hagstofu Íslands og ekki til opinberrar birtingar

Hafrannsóknarstofnun veitir stjórnvöldum veiðiráðgjöf um flesta helstu nytjastofna við Ísland á hverju fiskveiðiári. Ráðgjöf Hafrannsóknarstofnunar og greining hennar á stöðu helstu stofna má finna á vef stofnunarinnar (<https://www.hafogvatn.is/is/veidiradgjof>).

Þá spáir Seðlabanki Íslands fyrir um útflutningsframleiðslu (magnaukningu) sjávarafurða og áls. Í nýjstu peningamálum bankans er áætlað nokkuð stöðugri framleiðslu á næstu árum.

Tafla 5. Spá um útflutningsframleiðslu atvinnuvega

	2023	2024	2025	2026
Sjávarafurðir	-8,0%	0,3%	0,5%	1,3%
Ál	1,2%	-0,8%	1,6%	0,5%

Heimild: Seðlabanki Íslands.

## II. Sérstækar forsendur sveitarfélaga

### Útsvarstekjur

Við undirbúning fjárlagafrumvarps hefur fjármála- og efnahagsráðuneytið áætlað þróun útsvarsstofns sveitarfélaga. Áætlun ráðuneytisins hefur einkum verið grundvölluð á spá Hagstofu um launapróun og vinnumagn. Nýjasta mat ráðuneytisins liggur til grundvallar 1.umræðu fjárlaga og er sýnt í eftirfarandi töflu.

Tafla 6. Spá um hækkun tekjuskatts-/útsvarsstofns, breyting frá fyrra ári, %

	2024	2025	2026	2027	2028	2029
Útsvarsstofn	9,3%	6,7%	5,9%	5,6%	5,4%	5,2%

Heimild: Fjármálaráðuneyti.

Samband íslenskra sveitarfélaga mun að venju taka saman staðgreiðsluáætlun fyrir hvert og eitt sveitarfélag fyrir komandi ár með áætlun um eftirá álagningu vegna ársins í ár. Gert er ráð fyrir að þessar upplýsingar verði birtar í október á vef Sambandsins og tilkynning þess efnis mun birtast á vefnum í kjölfarið (<https://www.samband.is/verkefningin/fjarmal/tekjustofnar-sveitarfelaga/utsvar/>).

### Fasteignaskattar

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS) birti nýtt fasteignamat í maí sl. Það gildir í 12 mánuði frá og með 31. desember 2024. Lögum samkvæmt skal fasteignamat endurspegla gangverð fasteigna í febrúar á gildistökuári, nú febrúar 2024. Fasteignamat er notað til útreikninga fasteignagjalda sem sveitarfélög ákvarða. Í vef HMS má finna skjal með töflu sem sýnir fasteignamat eftir sveitarfélögum og flokkum eigna (<https://hms.is/frettir/fasteignamat-2025>).



## Framlög jöfnunarsjóðs

Tekjur Jöfnunarsjóðs ráðast af skatttekjum ríkisins og útsvarstofni sveitarfélaga. Framlög til einstakra sveitarfélaga ráðast af lögum og reglugerðum um sjóðinn. Jöfnunarsjóður mun líklega gefa út tilkynningu um áætluð framlög upp úr miðjum september nk. Áætluð framlög úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga árið 2025 verða birt á vef sjóðsins og tilkynning þess efnis mun birtast á vef Sambandsins í kjölfarið (<https://www.stjornarradid.is/verkefni/sveitarstjornir-og-byggsdamal/jofnunar sjodur-sveitarfelaga/>).

## Launakostnaður

Laun og launatengd gjöld er að jafnaði stærsti einstaki útgjaldaliður sveitarfélaga, um 60% útgjalda. Í fjárhagsáætlunargerðinni í ár er gagnlegt að horfa til þegar undirritaðra kjarasamninga.

Fjögurra ára kjarasamningar voru undirritaðir á almennum markaði fyrr á árinu. Samningarnir fela í sér prósentuhækkningar með krónutölugólfi og hafa það að markmiði að stuðla að minnkun verðbólgu og lækkun vaxta. Samninganefndir ríkis og sveitarfélaga hafa samið undir merkjum almenna markaðarins. Nú þegar hefur samninganefnd sveitarfélaga undirritað kjarasamning við öll félög innan BSRB og flest félög ASÍ en 55% af stöðugildum sveitarfélaga tilheyra þeim. Stærstu hóparnir sem eftir standa eru innan Kennarasamband Íslands (KÍ, 30%) og BHM (10%) en mjög lágt hlutfall launafólks sveitarfélaga er í stéttarfélögum utan heildarsamtaka s.s. félagsmenn í Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga, Kjarafélagi tæknifræðingafélags Íslands og Verkfræðingafélag Íslands.

Ef gengið verður frá samningum við eftirstandandi stéttarfélög á sömu nótum og verið hefur þá má áætla að hækkun launakostnaðar per heildarsamtök verði eftirfarandi á hverju ári kjarasamningstímabilsins.

**Tafla 7. Hækkun launakostnaðar eftir heildarsamtökum v/ kjarasamninga m.v. að samið verði með sambærilegum hætti og á almennum markaði**

	Ár 1	Ár 2	Ár 3	Ár 4
ASÍ	4,99%	4,76%	4,54%	4,34%
BSRB	4,86%	4,64%	4,43%	4,25%
BHM	3,65%	3,63%	3,56%	3,52%
KÍ	3,53%	3,59%	3,55%	3,53%

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga.

Reikningur tekur mið af þegar gerðum kjarasamningum og áhrifum þeirra á grunnlaun launaflokka og fjölda stöðugilda í hverjum launaflokki. Ekki er tekið tillit til áhrifa af persónuálagi hvers stöðugildis.

Vakin er athygli á því að kjarasamningar flestra félaga runnu út 31. mars og kjarasamningsbundnar hækkningar taka þannig gildi 1. apríl ár hvert á tímabilinu 2024-2027. Kjarasamningar KÍ giltu til 31. maí 2024 og yrðu þannig kjarasamningsbundnarhækkningar hjá þeim félögum 1. júní ár hvert á kjarasamningstímabilinu. Þannig má leiðrétta tölurnar

að ofan svo þær endurspegli kostnaðarhækkun vegna kjarasamninga á hverju almanaksári.

Við upplýsingar um hækkun launakostnaðar per heildarsamtök er hægt að margfalda launakostnaðarhækkunina við fjölda stöðugilda sveitarfélags í hverju bandalagi. Gæfi það áætlaðan kostnað vegna kjarasamningsbundinna launahækkana en þessu til viðbótar hafa stéttarfélög haft svigrúm til að semja um sérmál sem auka launakostnað um 0,7% á samningstímabilinu og kemur oftast til greiðslu á fyrsta ári samningsins.

Þá hefur fjölgun stöðugilda og launaskrið sveitarfélags einnig áhrif á þróun launakostnaðar á tímabili fjárhagsáætlunar. Í því samhengi þarf að taka tillit til þess hversu langt sveitarfélagið hefur farið í styttingu vinnuvikunnar en hún þarf að vera að fullu komin til framkvæmda 1. nóvember næstkomandi hjá starfsfólki þeirra stéttarféлага sem hafa undirritað langtímakjarasamninga.

### III. Helstu óvissuþættir áætlunargerðar

Eins og jafnan er óvissa um framvindu efnahags- og kjaramála. Lítið opið hagkerfi mun óhjákvæmilega búa við meiri sveiflur en hagkerfi stærri ríkja. Ein leið til að takast á við óvissuna er að teikna upp sviðsmyndir og vera þannig tilbúin fyrir annars konar þróun en spár gera ráð fyrir.

Meðal helstu óvissuþátta um framvindu efnahagsmála á næstu árum eru:

- *Verðbólga og vextir.* Verðbólga er vel yfir verðbólguþröun næstu misseri. Verðbólga hefur farið hægt lækandi og greiningaraðilar hafa ítrekað vanspáð verðbólgu undanfarið. Peningastefnunefnd Seðlabankans hefur gefið út að núverandi vaxtarstig sé hæfilegt til að koma verðbólgu í markmið og ætlar sér ekki að hefja vaxtalækkunarferlið of snemma. Flestir greiningaraðilar telja nú að vaxtalækkunarferlið hefjist snemma á næsta ári.
- *Húsnæðisverð.* Einn helsti óvissuþáttur verðbólgunnar. Miklar verðhækkanir á húsnæði yrðu til þess að mæld verðbólga helst há og sterkari eiginfjárstaða húsnæðiseigenda gæti auka enn á eftirspurn og verðbólguþrýsting.
- *Kjarasamningar.* Ekki hefur verið samið við alla opinbera starfsmenn og ríkir þannig áfram óvissa um launaþróun hjá tilteknum hópum sem starfa hjá sveitarfélögum. Það á ekki síst við um kjarasamninga kennara en kennarastéttin nemur nær þriðjungi starfsfólks sveitarféлага.
- *Lífeyrismál.* Áfram er óljóst hversu há viðbótarframlög til A deildar Brúar verða innheimt hjá hverju og einu sveitarfélagi á áætlunartímabilinu.



# XIII. Umhverfisping

Guðlaugur Þór Þórðarson, umhverfis-, orku og loftslagsráðherra boðar til umhverfispings í Kaldalóni í Hörpu, 5. nóvember frá kl. 13-16.

---

## Ávarp ráðherra

### Áhrif loftslagsbreytinga og afleiðingar fyrir viðskiptalíf.

Dr. Mikael Allan Mikaelsson MBE, sérfræðingur í loftslagsstefnmótun, Stockholm Environment Institute.

**Áfram gakk! Eftirfylgni með loftslagsaðgerðum stjórnvalda.** Elín Björk Jónasdóttir, sérfræðingur í loftslagsteymi umhverfis-, orku og loftslagsráðuneyti.

### Hvernig munu loftslagsbreytingar hafa áhrif á þitt nærsamfélag?

**Innsýn í Loftslagsatlas Íslands sem verkfæri til stefnumótunar og ákvarðanatöku.** Hildigunnur H. H. Thorsteinsson, forstjóri Veðurstöfu Íslands.

## Pallborðsumræður

---

Hlé

**Eru þjóðgarðar góður business?** Steinar Kaldal, sérfræðingur í náttúruverndar og menningarminjateymi umhverfis-, orku og loftslagsráðuneyti.

### Mikilvægi þjóðgarða fyrir nærsamfélagið.

Fundarstjóri ræðir við Kristinn Jónasson, bæjarstjóra Snæfellsnesbæjar.

**Samspil ferðaþjónustu og þjóðgarða og friðlýstra svæða.**

## Pallborðsumræður

---

Þingslit og léttar veitingar

---

→ Opnað hefur verið fyrir skráningu. Streymt verður frá Umhverfispingi.

Hulda Kristjánsdóttir

**From:** Ferðamálastofa <frettir@ferdamalastofa.is>  
**Sent:** þriðjudagur, 17. september 2024 09:13  
**To:** Sveitarstjóri Flóahrepps  
**Subject:** Ferðapjónustudagurinn 2024 - Miðasala er hafin



## Miðasala hafin á Ferðapjónustudaginn 2024:

### Aðgangsstýring á fjölsóttum ferðamannastöðum

Ferðapjónustudagurinn 2024 verður haldinn 7. október í Hörpu, í samstarfi SAF, Ferðamálastofu, Umhverfisstofnunar, Vatnajökulsþjóðgarðs og Þingvallapjóðgarðs. Þar verður sjónum beint að áskorunum og reynslu af álagsstýringu á áfangastöðum hér á landi sem erlendis og nauðsynlegu samtali stjórnvalda og fyrirtækja í ferðapjónustu um viðfangsefnið. Þá verður jafnframt horft til þess hvernig álagsstýring birtist í markmiðum og áðgerðum í nýsamþykktu ferðamálastefnu.

#### Fyrir hverja?

Ráðstefnan á meðal annars erindi við eigendur, stjórnendur og starfsfólk ferðapjónustufyrirtækja sem og aðra hagsmunaaðila. Þar á meðal stjórnámamenn og starfsfólk ráðuneyta, sveitarfélaga og stjórnsýslustofnana sem snerta reglusetningu og stýringu ferðapjónustu á fjölbreyttan hátt, eigendur áfangastaða í einkaeigu og fjárfesta, sem og rannsóknaraðila. Við hvetjum alla sem vilja afla sér aukinnar þekkingar á þróun ferðapjónustu á Íslandi næstu árin að mæta í Hörpu 7. október og taka þátt.

## Hulda Kristjánsdóttir

---

**From:** Guðrún Schmidt <gudrun@landvernd.is>  
**Sent:** þriðjudagur, 17. september 2024 15:41  
**Subject:** Nægjusamur nóvember  
**Attachments:** Nægjusamur nóvember bréf.pdf

Kæri viðtakandi,

Nú líður að nóvember og eins og undanfarin tvö ár verður Landvernd og Grænánaverkefnið með hvatningarátak undir heitinu Nægjusamur nóvember. Við ætlum að upphefja nægjusemi sem jákvætt skref fyrir okkur sem einstaklinga og samfélag til þess að stuðla að góðu og heilbrigðu lífi og minnka um leið vistsporið okkar. Nóvember er einn neysluríkasti mánuður ársins og áherslur á nægjusemi er mót svar við neysluhyggju og hugmyndinni um að okkur vanti stöðugt eitthvað.

Okkur langar að hvetja ykkur til þess að taka þátt í átakinu og hvetja til nægjuseminnar hvort sem það er með viðburðarhaldi, greinaskrifum eða bara með því að fylgjast með og njóta átaksins. Ef þið veljið að gera eitthvað sem tengist átakinu þá megið þið endilega senda okkur upplýsingar um það svo við getum birt það á vefnum okkar og safnað upplýsingunum saman. Og ef þið hafið áhuga á ákveðnu samstarfsverkefni með okkur hlökkum við til að heyra frá ykkur.

Nægjusemi er hugarfarsbreyting sem er ókeypis og skilar strax árangri. Nægjusemi er nauðsynleg, hún er jákvæð og á að vera eitt af leiðarljósum okkar til betri framtíðar. Nægjusemi er áhrifamikil, fljótverk og ódýr leið til að minnka losun gróðurhúsalofttegunda, ósjálfbæra nýtingu auðlinda og jafnvel ójöfnuð.

Fyrir okkur sem fáum nóg að borða, föt, húsaskjól og búum við heilbrigðisþjónustu og menntunarmöguleika þýðir nægjusemi ekki afturhvarf til fortíðar, að fórna einhverju eða lifa við skort. Þess í stað er það tækifæri til þess að einbeita okkur að því sem veitir raunverulega gleði, hamingju og gildi í lífinu. Þannig getum við spurt okkur hvort við höfum raunverulega þörf fyrir hlutina og hættum einfaldlega að kaupa hluti sem við þurfum ekki.

Nægjusamur nóvember samanstendur af viðburðum, greinaskrifum, viðtölum, örnámskeiði auk fræðsluefnis og verkefna fyrir skóla. Við höfum fundið fyrir mikinn meðbyr með hugmyndafræði um nægjusemi og með átakinu.

Nánari upplýsingar um átakið má finna hér:

<https://landvernd.is/naegjusamur-november/>

Við hlökkum til að heyra frá ykkur.

Bestu kveðjur,

Guðrún Schmidt, fræðslustjóri Landverndar

---

Guðrún Schmidt  
Fræðslustjóri Landverndar  
Landvernd - The Icelandic Environment Association



Reykjavík og Egilsstöðum 17. september 2024

Kæri viðtakandi,

Nú líður að nóvember og eins og undanfarin tvö ár verður Landvernd og Grænfráanaverkefnið með hvatningarátak undir heitinu Nægjusamur nóvember. Við ætlum að upphefja nægjusemi sem jákvætt skref fyrir okkur sem einstaklinga og samfélag til þess að stuðla að góðu og heilbrigðu lífi og minnka um leið vistsporið okkar. Nóvember er einn neysluríkasti mánuður ársins og áherslur á nægjusemi er mótsvar við neysluhyggju og hugmyndinni um að okkur vanti stöðugt eitthvað.

Okkur langar að hvetja ykkur til þess að taka þátt í áttakinu og hvetja til nægjusteminnar hvort sem það er með viðburðarhaldi, greinaskrifum eða bara með því að fylgjast með og njóta átaksins. Ef þið veljið að gera eitthvað sem tengist áttakinu þá megið þið endilega senda okkur upplýsingar um það svo við getum birt það á vefnum okkar og safnað upplýsingunum saman. Og ef þið hafið áhuga á ákveðnu samstarfsverkefni með okkur hlökkum við til að heyra frá ykkur.

Nægjustemi er hugarfarsbreyting sem er ókeypis og skilar strax árangri. Nægjustemi er nauðsynleg, hún er jákvæð og á að vera eitt af leiðarljósum okkar til betri framtíðar. Nægjustemi er áhrifamikil, fljótvirk og ódýr leið til að minnka losun gróðurhúsalofttegunda, ósjálfbæra nýtingu auðlinda og jafnvel ójöfnuð.

Fyrir okkur sem fáum nóg að borða, föt, húsaskjól og búum við heilbrigðisþjónustu og menntunarmöguleika þýðir nægjusemi ekki afturhvarf til fortíðar, að fórna einhverju eða lifa við skort. Þess í stað er það tækifæri til þess að einbeita okkur að því sem veitir raunverulega gleði, hamingju og gildi í lífinu. Þannig getum við spurt okkur hvort við höfum raunverulega þörf fyrir hlutina og hættum einfaldlega að kaupa hluti sem við þurfum ekki.

Nægjustamur nóvember samanstendur af viðburðum, greinaskrifum, viðtölum, örnámskeiði auk fræðsluefnis og verkefna fyrir skóla. Við höfum fundið fyrir mikinn meðbyr með hugmyndafræði um nægjusemi og með áttakinu.

Nánari upplýsingar um átakið má finna hér:

<https://landvernd.is/naegjusamur-november/>

Við hlökkum til að heyra frá ykkur.

Bestu kveðjur,

Guðrún Schmidt, fræðslustjóri Landverndar



Flóahreppur  
Þingborg  
803 Selfoss  
floahreppur@floahreppur.is

**Skilagrein vegna sérsöfnun umbúða hjá sveitarfélögum.**

Meðfylgjandi er yfirlit yfir greiðslur Úrvinnslusjóðs vegna sérsöfnunar sveitarfélaga sem tekið hefur verið á móti við heimili, á söfnunarstöð og við grenndargáma.

Greitt verður inná bankareikning skv. eftirfarandi upplýsingum:

Kennitala 600606-1310  
Bankanúmer 0152-26-000780

	Grenndargámur	Heimatunna	Söfnunarstöð	Samtals
Pappaumbúðir	-	-	-	-
Plastumbúðir	39.424	1.271.169	-	1.310.592
Glerumbúðir	-	-	-	-
Málmumbúðir	-	-	-	-
<b>Heildargreiðsla</b>				<b>1.310.592 kr</b>

Athugið að greiðslur eru án VSK

Greiðslur þessar eru til sveitarfélagsins vegna móttöku sérsöfnunar.

Greiðslur þessar eru vegna apr - jún, ásamt eftirstöðvum 2024 ef einhverjar.

Frekari upplýsingar hjá Úrvinnslusjóði í síma 517-4700

Bókunarupplýsingar			
Fjársýsla ríkisins			
Viðfang	Tegund	Bt	VÍDD2
1428711018	55621	2	30
1428711020	55621	2	30
1428711023	55621	2	30
1428711024	55621	2	30

Greiðsla						
Innihald	Aðstaða	Annað	Ílát	Söfnun	Samtals	
Grenndargámar	3.489	1.043	8.936	25.956	39.424	
Plastsöfnun						
Plastumbúðir	3.489	1.043	8.936	25.956	39.424	
Heimatunnur	-	37.090	111.269	1.122.809	1.271.169	
Plastsöfnun						
Plastumbúðir	-	37.090	111.269	1.122.809	1.271.169	
Samtals	3.489	38.133	120.205	1.148.765	1.310.592	

Söfnun	Grenndargámar	Helmatunnur	Alls kg.
<b>Innihald</b>			
<b>Plastsöfnun</b>			
Plastumbúðir	185	2.932	3.117
Annað plast	31	492	523
Annað	54	856	910
<b>Alls kg.</b>	<b>270</b>	<b>4.280</b>	<b>4.550</b>



Flóahreppur  
B.t. félagsmálastjóra

Reykjavík, 19.9.2024  
Tilvísun: 23080065

**Efni: Niðurstöður frumkvæðisathugunar á stöðu uppfærslu stoð- og stuðningsþjónustureglna sveitarfélaga.**

Þann 29. febrúar 2024 sendi Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála (GEV) erindi til allra sveitarfélaga á landinu með tilkynningu um frumkvæðisathugun á stöðu uppfærslu stoð- og stuðningsþjónustureglna hjá sveitarfélögum. Athuginin, sem framkvæmd var á grundvelli 14. gr. laga nr. 88/2021, um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála (lög um GEV), fól í sér að sendur var spurningalisti til sveitarfélaga landsins sem óskað var eftir að yrði svarað og skilað til GEV ásamt afriti af gildandi reglum viðkomandi sveitarfélags.

Eitt af meginhlutverkum GEV er að hafa eftirlit með gæðum þjónustu sem veitt er á grundvelli þeirra laga sem stofnunin hefur eftirlit með og að þjónustan sé m.a. í samræmi við ákvæði laga, reglugerða, reglna, samninga og leiðbeininga, sbr. 3. gr. laga um GEV. GEV lýtur á það sem mikilvægan lið í ytra eftirliti stofnunarinnar að hafa yfirsýn yfir þær stoð- og stuðningsþjónustureglur sem gilda í sveitarfélögum landsins.

Við frumkvæðisathugun GEV var höfð hliðsjón af ákvæðum laga nr. 41/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga og laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir auk reglugerða og leiðbeininga sem vísað er til í lögnum. Markmið athugunar GEV var að kanna:

- hvort stoð- og stuðningsþjónustureglur sem vísað er til í lögum nr. 38/2018 og lögum nr. 40/1991 séu til staðar hjá sveitarfélögum.
- hvort reglur sveitarfélaga um stoð- og stuðningsþjónustu vísi til nógildandi laga.
- hvort reglur sveitarfélaga um stoð- og stuðningsþjónustu hafi verið settar eftir gildistöku nógildandi laga.
- hvort skilgreint og samræmt verklag við mat á stuðningsþörf sé til staðar hjá sveitarfélögum.

Rétt er að áréttu að markmið athugunar var ekki að leggja mat á innihald og efni reglna að öðru leyti.

GEV hefur nú lokið við greiningu á þeim svörum og gögnum sem bárust stofnuninni og vinnur að útgáfu skýrslu þar sem greint verður frá niðurstöðum athugunarinnar á landsvísu.

GEV þakkar sveitarfélaginu góðar undirtektir og sendir hér niðurstöður sveitarfélagsins úr athuginni.

## Niðurstöður

Meðfylgjandi er samantekt á niðurstöðum athugunar á uppfærslu stoð- og stuðningsþjónustureglna hjá **Flóahreppi**. Athuginin var framkvæmd á grundvelli svara sem bárust frá skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings þann 20. mars 2024 og Bergrisanum bs. þann 2. maí 2024.

Ákvæði laga nr. 40/1991 og laga nr. 38/2018 sem kveða á um reglur fyrir stoð- og stuðningsþjónustu eru ýmist á þann veg að *skylt* sé að setja reglurnar eða *heimilt*. Það er engu að síður álit GEV að það sé afar mikilvægt að til staðar séu skýrar reglur um alla þjónustu sem sveitarfélagið veitir, ekki síst með öryggi notenda og gæði þjónustunnar í huga.

Þegar GEV gerir athugasemdir við svör sveitarfélags hér að neðan eru þær annað hvort settar fram sem:

- **ábendingar**, þegar sveitarfélögum er *heimilt* að setja reglurnar sem um ræðir eða
- **tilmæli um úrbætur**<sup>1</sup>, þegar um er að ræða reglur sem sveitarfélögum er *skylt* að setja.

### 1. Reglur um notendasamninga

Sbr. 28. gr. laga nr. 40/1991 og 10. gr. laga nr. 38/2018.

Reglur eru ekki til en eru í vinnslu samkvæmt svörum frá sveitarfélaginu og Bergrisanum bs.

***Þeim tilmælum er beint til sveitarfélagsins að ljúka vinnu við gerð reglna um notendasamninga.***

### 2. Reglur um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA)

Sbr. 5. mgr. 11. gr. laga nr. 38/2018.

Reglur eru settar eftir gildistöku núgildandi laga og vísa til þeirra. Samkvæmt svörum sveitarfélagsins og Bergrisans eru reglurnar í endurskoðun.

*Við endurskoðun reglnanna er bent á Handbók um NPA sem gefin var út af félagsmálaráðuneytinu í apríl 2019 og Leiðbeiningar Sambands íslenskra sveitarfélaga um setningu reglna sveitarfélaga um notendastýrða persónulega aðstoð frá því í júlí 2019.*

### 3. Reglur um frístundaþjónustu

Sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 38/2018.

Reglur eru ekki til hjá sveitarfélaginu.

***Þeim tilmælum er beint til sveitarfélagsins að setja reglur um frístundaþjónustu. Við vinnslu reglnanna er bent á „Leiðbeiningar fyrir sveitarfélög varðandi framkvæmd frístundaþjónustu fyrir fötluð börn og ungmenni samkvæmt lögum nr. 38/2018 um þjónustu við***

<sup>1</sup> sbr. 2. mgr. 16. gr. laga um GEV.

*fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir*, gefnar út af félagsmálaráðuneytinu 21. desember 2019.

#### 4. Reglur um stuðningsfjölskyldur

Sbr. 2. mgr. 15. gr. laga nr. 38/2018.

Reglur eru settar eftir gildistöku núgildandi laga og vísa til þeirra samkvæmt svörum frá Bergrisanum bs.

*Þar sem Leiðbeinandi reglur fyrir sveitarfélög um þjónustu stuðningsfjölskyldna, gefnar út af félagsmálaráðuneytinu 21. mars 2019, hafa ekki verið uppfærðar eftir tilkomu GEV er sérstaklega bent á að stofnunin annast nú útgáfu rekstrarleyfa til einkaaðila sem hyggjast veita þjónustu við fatlað fólk samkvæmt þjónustusamningi við sveitarfélög sbr. II. kafla laga um GEV (sjá nánar á vefsíðu GEV).*

#### 5. Reglur um styrki vegna félagslegrar hæfingar og endurhæfingar

Sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 38/2018.

Reglur eru ekki til en sveitarfélagið vísar í svari sínu í ákvæði reglna um fjárhagsaðstoð þar sem fram kemur að unnt sé að sækja um styrk til endurhæfingar.

*Það er mat GEV að ákvæði um styrki vegna félagslegrar hæfingar og endurhæfingar í reglum sveitarfélagsins séu ekki nægilega ítarleg. Þeirri ábendingu er beint til sveitarfélagsins að séu reglur um styrki vegna félagslegrar hæfingar og endurhæfingar ekki til staðar eða nægilega tæmandi er rétt að styðjast við Leiðbeinandi reglur fyrir sveitarfélög um styrki til náms og verkfæra- og tækjakaupa fatlaðs fólks, gefnar út af félagsmálaráðuneytinu 21. febrúar 2019.*

#### 6. Reglur um akstursþjónustu

Sbr. 3. mgr. 29. gr. laga nr. 40/1991.

Reglur eru settar eftir gildistöku núgildandi laga og vísa til þeirra.

*Þar sem Leiðbeiningar um akstursþjónustu við fatlað fólk, gefnar út af félagsmálaráðuneytinu 22. apríl 2020, hafa ekki verið uppfærðar eftir tilkomu GEV er sérstaklega bent á að stofnunin annast nú útgáfu rekstrarleyfa til einkaaðila sem hyggjast veita þjónustu við fatlað fólk samkvæmt þjónustusamningi við sveitarfélög sbr. II. kafla laga um GEV (sjá nánar á vefsíðu GEV).*

#### 7. Reglur um stuðningsþjónustu

Sbr. 3. mgr. 26. gr. laga nr. 40/1991.

Reglur eru settar eftir gildistöku núgildandi laga og vísa til þeirra. Reglurnar ná einungis til barna og fjölskyldna þeirra en ekki fullorðinna einstaklinga.

*Þeim tilmælum er beint til sveitarfélagsins að setja einnig reglur um stuðningsþjónustu fyrir fullorðna einstaklinga. Við vinnslu reglnanna er bent á Leiðbeiningar fyrir sveitarfélög um*



*stuðningsþjónustu samkvæmt lögum nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga, með síðari breytingum, gefnar út af félagsmálaráðuneytinu 15. júní 2020.*

#### **8. Reglur um stoðþjónustu**

*Sbr. 8. gr. laga nr. 38/2018.*

Reglur eru settar eftir gildistöku núgildandi laga og vísa til þeirra.

Hafi sveitarfélagið athugasemdir við eitthvað af ofangreindu er óskað eftir því að þær verði sendar á netfang undirritaðrar ([svanhildur.thorsteinsdottir@gev.is](mailto:svanhildur.thorsteinsdottir@gev.is)) fyrir **3. október nk.** svo taka megí tillit til þeirra við útgáfu skýrslu GEV um heildarniðurstöður athugunarinnar og við eftirfylgni með úrbótum.

GEV óskar eftir því að sveitarfélagið geri úrbætur í samræmi við ofangreind tilmæli **eigi síðar en 15. september 2025**, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga um GEV. Óskað er eftir því að GEV berist upplýsingar þegar úrbótum er lokið ásamt afriti af reglum á netfangið [eftirlit@gev.is](mailto:eftirlit@gev.is). Vinsamlegast vísið til málnúmersins 23080065 þegar upplýsingarnar eru sendar.

Virðingarfyllst,  
f.h. Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála,

Svanhildur Þorsteinsdóttir, sérfræðingur í eftirlitsteymi

## Hulda Kristjánsdóttir

---

**From:** Björn Teitsson - SLS <bjorn.teitsson@skipulag.is>  
**Sent:** föstudagur, 20. september 2024 09:58  
**Subject:** Skipulagsdagurinn 2024 - Þann 17. október næstkomandi  
**Attachments:** Outlook-mvh003kl

### Skipulagsdagurinn 2024

Þann 17. október, kl. 9 -16, Hilton Nordica, Suðurlandsbraut 2, 108 Reykjavík

Skipulagsdagurinn er árleg ráðstefna Skipulagsstofnunar og Sambands íslenskra sveitarfélaga um skipulagsmál. Venju samkvæmt beinum við sjónum að því sem efst er á baugi í skipulagsmálum. Dagskrá Skipulagsdagsins að þessu sinni er tvískipt, fyrir hádegi verður kastljósinu beint að þróun landnýtingar og búsetu í dreifbýli þar sem við fáum meðal annars erindi um búsetuþróun og framtíðarhorfum í byggðaþróun ásamt því að heyra af stöðu og þróunar landnýtingar í dreifbýli. Eftir hádegi verður fjallað um húsnæðismál og uppbyggingu í þéttbýli þar sem við ætlum að velta fyrir okkur gæðum í skipulagi og uppbyggingu húsnæðis.

Að vanda verður fjölbreyttur hópur frummælenda og sérfræðinga í pallborðsumræðum en nánari dagskrá verður auglýst þegar nær dregur.

Fagfólk, kjörnir fulltrúar og allt áhugafólki um skipulag er hvatt til að taka daginn frá. Þátttökugjald er 10.000 krónur en innifalin er morgunhressing, hádegisverður og síðdegishressing. Þátttökugjald fyrir nema er 5.000 krónur. Nánari dagskrá verður auglýst þegar nær dregur.

[Skráningarsíða fyrir Skipulagsdaginn 2024.](#)

Skipulagsdagurinn verður einnig í beinu streymi.

---

**Björn Teitsson**  
Verkefnastjóri kynningarmála / Project Manager, Communications  
Skipulagsstofnun - National Planning Agency  
Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland – Iceland  
sími 595 4100  
bjorn.teitsson@skipulag.is  
www.skipulag.is  
www.facebook.com/skipulagsstofnun



## Hulda Kristjánsdóttir

---

**From:** Hulda Kristjánsdóttir  
**Sent:** miðvikudagur, 18. september 2024 10:48  
**To:** Iðja Marsibil Jónsdóttir; Ásta Stefánsdóttir; Aldís Hafsteinsdóttir; Valtýr Valtýsson; Sýlvía Karen Heimisdóttir  
**Cc:** 'Nanna Jónsdóttir'  
**Subject:** Bókun sveitarstjórnar Flóahrepps

Góðan dag

Sveitarstjórn Flóahrepps bókaði eftirfarandi á fundi sínum þriðjudaginn 17. september vegna fundargerðar stjórnar UTU:

*„Stjórnar byggðasamlags UTU nr. 113, dags. 28.08.2024*

*Varðandi lið 1 í fundargerð þá gerir sveitarstjórn Flóahrepps ekki athugasemdir við að hvert sveitarfélag starfræki sína eigin skipulagsnefnd innan síns sveitarfélags, án þess þó að það kalli á breytingu á núverandi fyrirkomulagi skipulagsnefndar UTU og samþykktum UTU hvað þetta mál snertir. Að mati sveitarstjórnar er ekkert sem mælir gegn því að hvert sveitarfélag starfræki þær nefndir sem þau kjósa og skrifi slíka nefnd inn í sínar samþykktir um stjórn sveitarfélagsins, þó að sveitarfélag sé hluti af byggðasamlagi í þessum málum. Að mati sveitarstjórnar gæti slík nefnd tryggt fulltrúum meiri- og minnihluta aðkomu að umræðu um skipulagsmál áður en sveitarstjórn tekur málin fyrir til afgreiðslu. Samþykkt með 5 atkvæðum.“*


Bókun sveitarstjórnar tilkynnist hér með.

Bestu kveðjur

Hulda

---

Hulda Kristjánsdóttir  
Sveitarstjóri Flóahrepps  
[hulda@floahreppur.is](mailto:hulda@floahreppur.is)  
[www.floahreppur.is](http://www.floahreppur.is) | 480 4370 | Þingborg



*Þessi tölvupóstur og/eða viðhengi gæti innihaldið trúnaðarupplýsingar og/eða einkamál og er eingöngu ætlaður þeim sem hann er stílaður á. Ef sending þessi hefur ranglega borist má ekki skrá neitt úr póstinum hjá sér eða notfæra sér það á nokkurn hátt. Jafnframt er móttakanda skylt að gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna sendanda að upplýsingar hafi ranglega borist, sbr. fyrirmæli 9.mgr.47.gr laga nr. 81/2003 um fjarskipti.*

## Hulda Kristjánsdóttir

---

**From:** Aldís Hafsteinsdóttir <aldis@fludir.is>  
**Sent:** þriðjudagur, 24. september 2024 09:57  
**To:** Ásta Stefánsdóttir; haraldur@skeidgnup.is; Hulda Kristjánsdóttir; Iðna Marsibil Jónsdóttir; valtyr@asahreppur.is  
**Cc:** Vigfús Þór Hróbjartsson  
**Subject:** Bókun sveitarstjórnar Hrunamannahrepps frá 5. september

Komið þið sæl !

Á fundi sveitarstjórnar Hrunamannahrepps sem haldinn var þann 5. september s.l. var lögð fram fundargerð 113. fundar stjórnar Byggðasamlags UTU bs.

Á fundinum var eftirfarandi ályktun samþykkt samhljóða:

*Sveitarstjórn stendur heilshugar á bakvið þá afstöðu fulltrúa Hrunamannahrepps í nefndinni um að óska eftir þeirri breytingu að hverju sveitarfélagi verði heimilt að starfrækja sína eigin skipulagsnefnd. Sveitarstjórn vill á sama tíma geta þess að ánægja ríkir með starfsemi UTU á Laugarvatni og því mikilvægt að hægt sé að standa saman að þeirri góðu starfsemi sem fram fer á Laugarvatni á sviði skipulags- og byggingamála.*

Þessi afgreiðsla sveitarstjórnar tilkynnist hér með.

Bestu kveðjur  
Aldís



Aldís Hafsteinsdóttir  
Sveitarstjóri Hrunamannahrepps

Sími: 480-6600  
Akurgerði 6, 845 Flúðir  
[www.fludir.is](http://www.fludir.is)

## Hulda Kristjánsdóttir

---

**From:** Halldóra Viðarsdóttir <halldora.vidarsdottir@althingi.is>  
**Sent:** þriðjudagur, 24. september 2024 13:04  
**Subject:** Til umsagnar 222. mál frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis

24. september 2024  
Frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis.

Ágæti viðtakandi.

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis sendir til umsagnar mál nr. 222 – námsgögn.

Umsagnaraðilar geta sent umsögn í gegnum umsagnagátt Alþingis.

Verði því ekki við komið er einnig mögulegt að senda umsagnir með tölvupósti á umsagnir@althingi.is. Frestur til að senda inn umsögn er **til og með 8. október nk**.

Tekið skal fram að þeim sem fá mál til umsagnar er ekki skylt að bregðast við og ekki þarf að senda sérstaka tilkynningu ef engar athugasemdir eru.

Umsagnir og gögn um þingmálið birtast á vef Alþingis undir **erindi og umsagnir** á síðu viðkomandi þingmáls.

Leiðbeiningar um ritun umsagna er að finna á vef Alþingis.

Kveðja,



**Halldóra Viðarsdóttir**  
Sérfræðingur og ritari forseta Alþingis  
Stoðteymi  
Nefnda- og greiningarsvið  
☎563 0500



**GRÆN SKREF**

*Þessi tölvupóstur ásamt viðhengjum er eingöngu ætlaður þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu upplýsingar í honum verið bundnar trúnaði. Birting tölvupóstsins eða viðhengja, að hluta til eða í heild, er óheimil án samþykkis sendanda.*  
Fyrirvari/Disclaimer

*Þessi tölvupóstur ásamt viðhengjum er eingöngu ætlaður þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu upplýsingar í honum verið bundnar trúnaði. Birting tölvupóstsins eða viðhengja, að hluta til eða í heild, er óheimil án samþykkis sendanda.*  
Fyrirvari/Disclaimer